

Samgöngur eru hverri þjóð lífsnauðsyn

Góð skip bera menningu hennar fagurt vitni. Vér höfum kappkostað að eignast góð skip, hraðskreið skip og vel búin.

Ferðizt með þeim og flytjið varning yðar með þeim.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

ÞVOTTAMÍÐSTÖÐIN

Borgartún 3. SIMI 7260.

Látið okkur annast fyrir yður þvottinn.

Hreinklæti er undirstaða allrar heilbrigði



Þú miltu að spara þér erfiðlað eins og ég gerir og hringja í síma 7260 þvottamiðstöðina.

Yður í hag Kaupið pakka á dag

OPAL H.F. Sælgætisgerð

Skipholt 29. – Sími 5988



ALLT YÐAR LÍF EITTHVAÐ FRÁ SÍ.F.

NIDURSUDUVERKSMÍÐJA SÍ.F.

Lindargata 46-48, Reykjavík – Símar 1486 og 5424

Auglýsingar í tímans rás

■ ■ ■ Védís Skarphéðinsdóttir

Alla tíð hafa auglýsingar skipt verulegu máli fyrir *Læknablaðið* einsog sést best af kápunni á fyrsta tölublaðinu 1915. Af fjölda þeirra í blaðinu sést hvernig þjóðarhagur hefur verið. Úr þeim má lesa mikinn tíðaranda, í málfari, stíl, efnis-tökum og innihaldi. Það er langur vegur frá heimatilbúnum dálkauglýsingum um 1950 til lyfjaauglýsinga ársins 2013.

Hér á síðunni eru birtar af handahófi auglýsingar úr 36. árgangi blaðsins árið 1951. Þá var þerað í auglýsingum og bundið mál með spaugsómu ívafi höfðaði betur til neytandans en óbundið: Allt yðar líf, eitthvað frá SÍ.F.

Það eru ekki gefin mörg símanúmer (þau eru fjögurra stafa!) og bílaeign landsmanna allt annars staðar á skalanum en nú: Hafliði fiskkaupmaður hvetur fólk til að ganga við hjá sér, - til að fá í soðið, - allur matur var soðinn í vatni um miðja öldina. Það hefði flokkast sem bilun eða matargerðaráráttuþrjóskuröskun að baka fisk árið 1951. Ópal og kók er svo sem óbreytt útlits, en hann fær sér kók og hún prjónar sokka, ehmm, hvað eru mörg R í því? Það þarf heldur engan langhund með CocaCola, lógóið talar sjálf.

Á þessum tíma eru ný fyrirtæki að rísa í eigu ríkisins, og þau bera stolt nafn

eigandans, - það er enginn vafi með eignarhaldið, Tóbakseinkasala ríkisins með neftóbak einsog hver vill, og Skipaútgærð ríkisins er með tilfinningaþrunginn texta, lýðveldið er nýfengið og kalda stríðið handan við hornið, og lífsnauðsyn að þjappa sér saman sem þjóð. Góður skipakostur fyrir fólk og farangur staðfestir menningu landsins og gerir það lífvænlegra, ferðizt með þeim. Þarna er zetan líka gjaldgengur íbúi þessa samfélags. James Bond er í vinnu hjá Sjóvátryggingafélaginu, hann er æsilegur solumaður með hraustlegt letur sem hallar aðeins til að ýta undir styrkleikann og sveifluna í innihaldinu, og með eina upphrópunarmerkið sem sást á kreiki í auglýsingum þessa árs. Það er fjölskylduafaðirinn sem tryggir líf sitt hjá Bond, meira að segja strax sem er tvítekið og gæti því þýtt strax!

Teikningin og textinn frá Þvottamiðstöðinni tekur af öll tvímæli: sú sem þvær sjálf bograr yfir bala með gamaldags svuntu og innskeif í stígvélum með ógreitt stutt hár og sútarsvip, en sú sem sendir óhreina tauði í Þvottamiðstöðina er upprétt, snýr fram með þvottinn samanbrotinn, með rosafloffa svuntu og sparískó og skart, og er nýgreidd. Þarf frekari vitnanna við?

Ljúffengt og hressandi.



Coca-Cola

Þú elki - líftryggið yður strax!

Íðgjaldið hækkar eftir því sem þér eldist

Og þar sem þér, fyrr eða síðar, komist að þeirri niðurstöðu að sjálfsagt sé að vera líftrygður, þá:

Líftryggið yður strax

Sjóvátryggingarfélag Íslands!



KAUPMENN KAUPFÉLÖG

Höfum ávallt fyrirleggjandi:

Neftóbak í 250 gr. glerkrukkum
Neftóbak í 50 gr. smáðosum

TÓBAKSEINKASALA RÍKISINS

Vanti yður góðan fisk í soðið, þá gangið við á Hverfisgötu 123

Fíjót og góð afgreiðsla.

FISKVERZLUNIN HAFLÍDI BALDVINSSON